

Akranesi 29. Desember 2011.

Ágæti viðtakandi.

Við í stjórn Höfðavina, viljum koma eftirfarandi á framfæri.

Þann 1. desember var haldinn stofnfundur félags vina og velunnara heimilisfólks á Höfða, á hann mættu um 25 manns

Á fundinum var eftirfarandi samþykkt:

Félagið heitir Höfðavinir

Lög félagsins samþykkt

Stjórn kosin. Aðalmenn. Elín Hanna Kjartansdóttir, Guðrún Elsa Gunnarsdóttir og Soffía

Sóley Magnúsdóttir. Til vara: Valdís Inga Valgarðsdóttir og Guðjón Viðar Guðjónsson.

Stjórnin hyggst hefja starfsemi sína strax á nýju ári.

Í þriðju grein laganna er tilgreint hluverk félagsins. Hugmynd okkar er að virkja sem flesta Höfðavini til að styttu heimilisfólkinu stundir og um leið auka lífsgæði þess.

Það eru örugglega margir Höfðavinir sem vilja leggja hönd á plóginn og/eða eru með eitthvað innlegg sjálfir.

Endilega komið því á framfæri við okkur, sendið okkur línu.

Email: elink@efling.is, gudruneg@vtha.is, soffia@fastvest.is

Við komum til með að nota þetta samskiptaform töluvert mikið í framtíðinni☺

Ef þið vitið um einhverja sem vilja vera Höfðavinir, þá endilega sendið okkur um það, t.d. netfang viðkomandi. Eins ef þið viljið bæta við netföngum, við erum eins og er t.d. aðeins með eitt netfang fyrir hvern heimilismann.

Kveðja

Stjórnin.